



– fyrir íslenska verslun

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. júní, 2009

Efni: Umsögn FÍŚ um þingsályktunartillögur er varða aðildarviðræður og aðildarumsókn að Evrópusambandinu (38. mál og 54. mál)

I. Almenn

Við er til erindis háttvirtar Utanríkismálanefndar Alþingis dagsett 2. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍŚ um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu (38. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, og 54. mál, undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu).

Sérstök ástæða er til að fagna því að breið samstaða virðist vera að myndast á Alþingi fyrir því að farið verði í aðildarviðræður við ESB. Þótt áferðarmunur sé á tillögunum tveimur, er ljóst að vilji fyrir aðildarviðræðum er skýr.

Það er hins vegar einkar mikilvægt að Utanríkismálanefnd og þingmenn viðhafi hröð og öguð vinnubrögð, sem byggja á efnislegum forsendum. Íslensk þjóð má ekki við því að enn eina ferðina fari vikur og mánuðir í þras um skipan nefnda eða tæknilegar útfærslur sem er til þess eins fallið að tefja grundvallarmál með tilheyrandi tjóni fyrir almenning. Mikilvægi þessa máls kallar á að flokkadrættir og persónupólitik verði lögð til hliðar og að þingmenn fylgi sannfæringu sinni af drengskap.

Það er skoðun FÍŚ að í ljósi ofangreindra atriða sé tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (38. mál) betur til þess fallin að skýra línur í þessu mikilvæga hagsmunamáli. Kveðið er skýrt á um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning í tillögunni, sem er mikilvægt. Þá er í athugasemdum gerð fullnægjandi grein fyrir hvernig vinna á málið í samráði við hagsmunaaðila. Telja verður að sú vinna feli í sér samantekt á helstu hagsmunum Íslands.

II. Ábendingar

FÍŚ ítrekar mikilvægi þess að samstarf í gjaldmiðilsmálum verði skoðað alvarlega samhliða viðræðum. Slík ráðstöfun myndi að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif til skemmri tíma. Hún myndi hafa mjög jákvæð áhrif á afstöðu erlendra viðskiptaaðila innlendra fyrirtækja og banka – og aflétta óvissu í kringum atvinnurekstur, að minnsta kosti að hluta.

Þrátt fyrir ofangreint má ekki missa sjónar á að hið opinbera gangi hratt fram í að aflétta því óvissuástandi sem ríkir í kringum atvinnurekstur í landinu með markvissum aðgerðum sem tengjast ekki aðildarviðræðum.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.